


Nr.: NAA-630	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 1.0		
Dags: 14.01.2019-14.01.2019		
Eig: HEB		
Ábm: Skólastjóri		
Síða 1 af 3	<h2>ÍSLE3KT05DK_V19</h2>	

Kennarar:	Helga Birgisdóttir (heb@tskoli.is)		
Skóli:	Upplýsingatækniskólinn	Skólastjóri:	Kristín Þóra B. Kristjánsdóttir

Áfangalýsing:


ÍSLE3KT05DK	Íslensk málfræði og málvísindi í stafrænu samfélagi
<p>Í áfanganum er fjallað um eðli mannlægs máls og sérkenni einstakra tungumála. Nemendur fræðast um kenningar um alheimstungumál, máltöku barna og máltökuskeið, eðli tungumála og stöðu lítilla tungumála í heiminum. Fjallað er um framtíð íslenskunnar og sérstaklega hugað að stafrænni stöðu íslenskunnar ásamt því að fjalla um máltækni í tengslum við hugbúnað og gagnasöfn. Leitast verður við að efla skilning nemenda á eðli mannlægs máls og kynna þeim helstu grundvallarhugtök og aðferðir málvísinda.</p>	

Um markmið, kennslubúnað og kennslufyrirkomulag vísast í námskrá. Um vikudaga og tímasetningu innan hverrar viku vísast til stundatöflu í Innu.

Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar






Námsmat:

Matshlutar	Lýsing matshluta	Vægi
1. Tungumál heimsins og heilinn	Umfjöllun um ákveðin þemu tengd málvísindum, unnið úr <i>A Little Book of Language</i> og <i>An Introduction to Language</i> að mestu. Tímaverkefni. Paraverkefni.	5%
2. Samanburður á tungumálum	Nemendur bera saman 3 tungumál og nota til þess hugtök málfræði og málvísinda. Einstaklingsverkefni.	10%
3. Máltaka og villibörn	Nemendur horfa á kvikmyndina <i>Genie: Secret of the Wild Child</i> og vinna verkefni í tengslum við hana. Einstaklings-/paraverkefni	5%
4. Málstol	Verkefni um málstol. Tímaverkefni. Paraverkefni.	5%
5. Eigin máltaka	Nemendur rannsaka eigin máltöku. Greina frá niðurstöðum sínum og skila skýrslu. Einstaklingsverkefni. Lykilmatsþáttur.	10%
6. Hvað er máltækni?	Nemendur gera grein fyrir því hvað máltækni er, hvað hefur verið rannsakað. Ath: Verkefni gæti breyst vegna mögulegrar samvinnu við HR. Paraverkefni	5%
7. Umfjöllun um grein	Nemendur velja sér eina rannsókn, grein eða háskólaritgerð á sviði máltækni og fjalla um hana. Einstaklingsverkefni.	5%
8. Hugbúnaður	Rannsókn á hugbúnaðarkerfum sem hönnuð eru til þess að vinna með mannlægt mál. Paraverkefni.	10%
9. Framtíð íslenskunnar	Nemendur taka afstöðu til framtíðar íslenskunnar, einkum með tilliti til tölvu, stafrænnar tækni og gervigreindar. Einstaklingsverkefni. Lykilmatsþáttur.	10%


Nr.: NAA-630	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 1.0		
Dags: 14.01.2019-14.01.2019		
Eig: HEB		
Ábm: Skólastjóri		
Síða 2 af 3	<h2>ÍSLE3KT05DK_V19</h2>	

10. Stafsetning og rithefðir	Samanburður og spurt&svarað um stafsetningu og ritstíl í tölvum og á snjalltækjum. Paraverkefni	5%
11. Íslenska og snjalltæki	Greining á texta úr Facebook, Instagram, Snapchat, Twitter eða öðrum rafrænum miðli. Gjarnan samanburður á tveimur miðlum. Einstaklingsverkefni/Paraverkefni	10%
12. Lokaverkefni	Sjálfstætt rannsóknarverkefni á sviði málvísinda. Gjarnan í samvinnu við önnur fög. Einstaklingsverkefni.	20%
	Samtals:	100%
<p>Öllum matsþáttum skal skila á skiladegi. Kennarar taka ekki við verkefnum sem skilað er of seint. Nemendur sem missa af matsþætti, vegna veikinda eða annars, eiga kost á að vinna sambærilegt verkefni/próf á sérstökum sjúkraprófsdegi í annarlök.</p> <p>Leyfilegt er að taka einn matsþátt upp á sjúkraprófsdegi.</p> <p>Nemendur þurfa að standast lykilmatsþátt til að ná áfanganum.</p>		

Áætlun:

Tímabil		Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi matshl. %
Vika	Dags.			
2	06.01.-12.01.	<i>Kennsla hefst 07.01.</i>  Tungumál heimsins Hvað er tungumál? Hvað felst í því að kunna tungumál? Hvað er líkt og ólíkt með tungumálum heimsins?	1. Úrdrættir og spurt&svarað 2. Samanburður á tungumálum	5% 10%
3	13.01.-19.01.	 Máltaka barna og málstol Hvernig læra börn móðurmál sitt? Er hægt að hafa fleiri en eitt móðurmál? Er hægt að missa tungumálhæfileikann?	3. Villibarnið 4. Málstol 5. Eigin máltaka	5% 5% 10%
4	20.01.-26.01.	 Máltækni: Tölvur og gervigreind Geta tölvur talað? Skilja tölvur tungumál? Hvernig getur hugbúnaður hjálpað til við varðveislu lítilla tungumála?	6. Hvað er máltækni? 7. Umfjöllun um grein 8. Hugbúnaður	5% 5% 10%
5	27.01.-02.02.	 Stafrænir miðlar og ritun Hvernig skrifum við á Facebook? Hvernig skrifar amma á Facebook? Hver er munurinn á grein í tímariti og texta á Instagram? Hvað er líkt með ólíkum miðlum og ólíkt?	9. Framtíð íslenskunnar 10. Stafsetning og rithefðir 11. Íslenska og snjalltæki	10% 5% 10%
6	03.02.-09.02.	 Rannsóknarvika Nemendur sinna sjálfstæðri rannsóknarvinnu.	12. Lokaverkefni	20%

Athugið: Með vikunúmeri er átt við vikur ársins (eins og á dagatalinu)

Nr.: NAA-630	Tækniskólinn	
Útgáfa: 1.0		
Dags: 14.01.2019 14.01.2019	ÍSLE3KT05DK_V19	
Eig: HEB		
Ábm: Skólastjóri		
Síða 3 af 3		

Námsgögn	<ul style="list-style-type: none"> • Nauðsynlegt er að nemendur séu með fartölvu. • Ekki er stuðst við eina ákveðna kennslubók. Stór hluti námsefnis er aðgengilegur á Innu, annað þurfa nemendur að útvega sér sjálfir. • Hluti námsins felst í sjálfstæðri rannsóknarvinnu og þess er krafist að nemendur útvegi sér sjálfir lesefni. • Heimildaleit, heimildarýni og heimildamat er hluti af öllum verkefnum áfangans, sem og skráning heimilda. • Nemendur nota Leiðbeiningavef ritvers Menntavísindasviðs við skráningu heimilda.